

FUNDARGERÐ

358. fundur stjórnar HEF veitna ehf.,

haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, mánudaginn 10. nóvember 2025 kl. 13:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Hildur Þórisdóttir (HP), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Védís Vaka Vignisdóttir (VVV).

Gestir á fundinum:

Glúmur Björnsson (#1-4)

Þorsteinn B. Ragnarsson (#6)

Ívar Karl stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Vatnsveita á Eiðum
- 2 Opnber vatnsból í Múlapingi
- 3 Borun á Djúpavogi
- 4 Hagvarmi – Ráðgjafasamningur
- 5 Dælubíll slökkviliðs á Djúpavogi
- 6 Melshorn - Verkstaða
- 7 Starfsmannamál
- 8 Önnur mál
 - a. Hreinsun á sandföngum götuniðurfalla
 - b. Færsla fráveitulagnar við flugbraut

1 Vatnsveita á Eiðum

Síðast tekið fyrir á fundi #356.

Nýlega barst minnisblað frá Eflu um fýsileika þess að leggja neysluvatnslögn frá Egilsstöðum í Eiða. Í stuttu máli kemur þetta fram:

Viðbótin sem hlýst af því að bæta Eiðum við dreifikerfi Köldukvíslar mun ekki hafa teljandi áhrif á vatnsveituna. Stofnlögnin ræður hæglega við viðbótina, og ef vatnstankurinn er notaður til að dekkja rennslistoppa, þá er meðalnotkunin það sem skiptir máli og hún er ekki há, um 1-2 l/s í fyrirsjáanlegri framtíð. Vegna þrýstifalls er æskilegt að fara í 90 mm lögn með 2 dælum á leiðinni. Legginn í Mýnes þyrfti að svera upp frekar fljótlega, og síðar meir þyrfti að svera frá Eyvindará að Finnsstöðum.

Rætt hefur verið við landeigendur (Mýnes, Snjóholt og Breiðavað) um möguleikann á þessari lagningu.

Stjórn ákveður að halda áfram með leið 4, að nýta neysluvatn úr Köldukvísl. Verkefnastjórar móta kostnaðaráætlun og setja verkið af stað svo hægt sé að plægja um leið og snjóá leysir. Stefnt er að því að verkefnið klárast eigi síðar en 1. júlí.

2 Opinber vatnsból í Múlaþingi

Síðast tekið fyrir á fundi #356.

Fyrir liggur samantekt jarðfræðings HEF um opinber vatnsból í Múlaþingi, ásamt tillögum að rekstrarformum þeirra. Nokkur vatnsból eru í sameiginlegum rekstri HEF veitna og Múlaþings, en óljóst með skipulag.

Tillögur snúast m.a. um það að HEF annist rekstur vatnsbólanna við Stafdal, Iðavelli, Sænautasel og Hafnarhólma en Múlaþing veiti fjármagn til þess.

Stjórn samþykkir að formaður og framkvæmdastjóri fari í þessar viðræður við Múlaþing.

3 Borun á Djúpavogi

Borun á holu DPV-36 hófst fyrir helgi. Stefnt er á að bora 400 metra holu. Einnig verður farið í hreinsun á holu 25 og jafnvel fleiri borverk, ef aðstæður kalla á það. Borbræður eru í fyrsta sinn að bora með nýja bornum fyrir okkur.

Jarðfræðingur ráðleggur að hefja forhönnun á hitaveitukerfi Djúpavogs sem fyrst. Auðlindin sem þegar er til staðar getur sparað sveitarfélaginu mikinn kyndingarkostnað á ársgrundvelli.

Nauðsynlegt er að velja lagnaleið sem hentar fyrir stigvaxandi stækkun kerfisins.

Stjórn samþykkir að hefja forhönnun á hitaveitukerfi Djúpavogs, með það í huga að veita heitu vatni í sundlaug bæjarins í fyrsta áfanga.

4 Hagvarmi – Ráðgjafasamningur

HEF veitur ehf. og Hagvarmi ehf. hafa gert með sér samning um framkvæmd valkostagreiningar fyrir uppsetningu miðlægrar varmadælu í kyndistöðinni á Seyðisfirði. Vinnan er í samræmi við kostnaðaráætlun verkefnisins og fellur undir verkhluta sem styrkur Orkusjóðs tekur til.

Hagvarmi ehf. er ráðgjafarfyrtæki á sviði orku- og umhverfismála sem sérhæfir sig í hönnun, greiningu og þróun lausna fyrir varma- og orkunýtingu. Fyrtækið vinnur með sveitarfélögum, veitufyrtækjum og iðnaði að hagkvæmum og sjálfbærum upphitunarlausnum.

Hagvarmi kynnti einnig þjónustu við fræðslu til íbúa á köldum svæðum um varmadælulausnir og bjóða nánari greiningar fyrir hvern notanda.

Stjórn felur verkefnastjórum að hefja undirbúningsvinnu og semja við Hagvarma.

5 Dælubíll slökkviliðs á Djúpavogi

Stjórn hefur tekið til umfjöllunar erindi frá Slökkviliði Djúpavogs þar sem óskað er eftir fjárstuðningi til kaupa á nýjum dælubíl. Fyrir liggur að þörf er á slíkum búnaði, þar sem brunahana- og vatnsöryggi á Djúpavogi er ekki fullnægjandi og dælubíll myndi styrkja brunavarnaöryggi á svæðinu meðan unnið er að frekari uppbyggingu vatnsinnviða.

Stjórn tekur jákvætt í erindið og óskar eftir nánari upplýsingum um búnaðinn og kostnað.

6 Melshorn - Verkstaða

Launafl óskaði eftir framlengingu á verktíma vegna tafa í framkvæmdum við skólphreinsistöð við Melshorn.

Ný verkáætlun (15. október) og rökstuðningur frá verktaka gerir ráð fyrir verklokum 23. febrúar 2026 í stað 10. janúar 2026.

Stjórn samþykkir beiðni verktaka um framlengingu á verktíma að teknu tilliti til athugasemda sem fram komu á fundinum, en álitur að ekki sé svigrúm til frekari framlengingar á verktíma.

7 Starfsmannamál

Guðmundur Bjarnason hefur verið ráðinn í stöðu iðnaðarmanns á starfsstöð veitunnar í Fellabæ. Hann hóf störf 30. október. Stjórn býður Guðmund velkominn til starfa.

8 Önnur mál

a. Hreinsun á sandföngum götuniðurfalla

Erindi kom fram á fundi #357 en afgreiðslu frestað.

Erindi barst HEF veitur frá Framkvæmda- og umhverfismálastjóra 8. okt. þar sem þess er óskað að HEF veitur fallist á að greiða kostnað við hreinsun á sandföngum götuniðurfalla og líti þar með á þessa hreinsun sem hluta af rekstri fráveitukerfisins.

Stjórn leggur áherslu á að HEF veitur fari í hreinsun strax.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að funda með Múlaþingi til að ákveða verkaskiptingu til framtíðar.

b. Færsla fráveitulagnar við flugbraut

HEF veitur hafa fært fráveitulögn samkvæmt beiðni ISAVIA. Beiðnin kemur til vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar við nýja akbraut.

c. Jarðhitaleit í Eiðaþinghá

Framgangur í samningaviðræðum vegna jarðhitaleitar í Eiðaþinghá er rólegur en vonir standa til að skriður sé að koma á málið.

Stjórn leggur áherslu á að niðurstöður fáið í málið sem allra fyrst. Lögfræðingi veitunnar falið að boða fund við fyrsta tækifæri.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 16:21

Fundargerð ritaði: Ágústa Björnsdóttir